



Garðaskóli 16. apríl 2018

Til nemenda og forráðamanna í 9. bekk

Menntamálastofnun mun endurtaka fyrirlögn könnunarprófa í íslensku og ensku vegna ágalla á prófunum 7. og 9. mars síðastliðinn. Í Garðaskóla verða þessi próf lögð fyrir í september:

Könnunarpróf í íslensku: þriðjudaginn 11. september 2018

Könnunarpróf í ensku: miðvikudaginn 12. september 2018

Menntamálastofnun gerir ráð fyrir að allir nemendur taki þessi próf. Heimild til að fá undanþágu frá töku þeirra hefur verið rýmkuð og því biðjum við alla forráðamenn um að skila undirritaðri staðfestingu með afrifunni neðst í þessu bréfi. Öllum nemendum stendur til boða að sleppa því að taka prófin. Nemendur geta sótt um undanþágu frá öðru prófinu eða báðum. Ef nemandi endurtekur könnunarprófið gildir einkunn úr síðari próftökunni.

Eins og áður hefur komið fram hafa þessi próf Menntamálastofnunar ekkert vægi við inntöku í framhaldsskóla. Framhaldsskólum er ekki heimilt að horfa til einkunna úr þessum prófum við innritun nemenda.

Með samstarfskveðju,
Stjórnendur Garðaskóla

ATHUGIÐ – allir nemendur í 9. bekk Garðaskóla þurfa að skila þessari afrifu til umsjónarkennara fyrir föstudaginn 20. apríl 2018

Nemandi: _____ Bekkur: _____

Staðfesti hér með að viðkomandi...

	...mun taka prófið	...mun ekki taka prófið
Íslenskupróf		
Enskupróf		

Undirskrift forráðamanns